



## 1523. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
8.2.2012, kl. 12.

Frímann Ari Ferdinandsson

- 1. Fundargerð 1522. fundar**  
Samþykkt.
- 2. Samningur við Reykjavíkurborg**  
Umræður um stöðuna. Tillaga liggur fyrir sem býður samþykktar. Boðaður verði fundur ÍBR með viðeigandi félögum 15. febrúar nk.
- 3. Viðurkenningar til afreksíþrótta**  
Samþykkt að veita félögum sem urðu Íslandsmeistarar í liðakeppni á árinu 2011 peningaviðurkenningar í samstarfi við Reykjavíkurborg.
- 4. Jafnréttisáætlanir íþróttafélaga**  
Brynja Guðjónsdóttir greindi frá stöðu mála sbr. minnisblað. Fulltrúar ÍBR (Brynja, Gígja og Guðrún) hafa eftir atvikum unnið með mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, mannauðsstjóra ÍTR og íþróttafulltrúum Ármanns og Fjölnis að gerð ramma fyrir jafnréttisáætlun ásamt aðgerðaáætlun, siðareglur og fyrir notkun sakavottorða. Umrædd félög verða með vinnufundi um jafnréttisáætlun á næstunni, afrakstur þeirra verður kynntur stjórn ÍBR. Einnig kynnt hugmynd að stofnun teymis sem væri hlutlaust bakland fyrir íþróttafélögin þegar erfið mál koma upp. Mótuð verði nánari tillaga að slíku teymi til að bera undir stjórn.
- 5. Samanburður á framlögum sveitarfélaga til íþróttamála**  
Lagt fram minnisblað um sveitarfélagakönnun. Samþykkt að halda áfra að gera slíka könnun með líku sniði og fyrri ár.
- 6. Bréf ÍSÍ vegna afmælis**  
Lagt fram bréf ÍSÍ þar sem þakkað er fyrir afmælisgjöf og samstarf á liðnum árum.
- 7. Fundur um afreksíþróttir**  
Þann 14. febrúar verður fundur stjórnar og starfsmanna um afreksíþróttamál.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:15

Gígja Gunnarsdóttir og Frímann Ari Ferdinandsson  
fundarritarar